

RITSTJÓRNARGREIN

Hin nýja stétt skjólstæð- inga Sjálfstæðisflokksins

Eitt versta verk, sem núverandi ríkisstjórn hefur unnið, er að treysta í sessi þá efnalegu stéttaskiptingu, sem hefur verið að þróast hér á landi á undanförunum árum. Hún hefur með margvíslegum aðgerðum, og þó oftar með aðgerðaleysi, eftt hag fjármagnseigenda langt út fyrir öll skynsamleg mörk.

Æ meira fjármagn safnast nú á fárra manna hendur, nýrrar stéttar, sem lætur sig einu varða þróun efnahagsmála og hag almennings á meðan hún hefur allt sitt á hreinu. Þessi stétt hefur ekki orðið vör við þær þrengingar, sem stór hluti launafólks verður að kljást við á hverjum degi. Því meir, sem harðnar á dalnum hjá stórum hluta almennings, því auðugri verður hún.

Þessi nýja stétt leggur til fjármagn í þá starfsemi, sem nefnd hefur verið okur og brask og leggur net sín fyrir örvæntingarfulla skuldara. Þaðan koma tekjur hennar að hluta. Þessi stétt notfærir sér hið fáránlega ástand, sem vaxtasamkeppni peningastofnana hefur skapað. Þessi stétt borgar ekki skatta í samræmi við tekjur og eignir. Þessi stétt dafnar og vex í skjóli þeirrar markaðshyggu, sem ríkisstjórnin hefur átölulaust látið ríða húsum síðustu ár.

Þessi nýja stétt fjármagnseigenda sækir auð sinn í afkrastur þeirrar gífurlegu vinnu, sem al-

mennir launþegar leggja af mörkum. Hún mergsigur þjóðfélagið í anda þess frelsis, sem kennt er við auðmagn og markaðshyggu. Hún hefur komið sér vel fyrir með dyggri aðstoð frjálslyggjuafllanna í Sjálfstæðisflokki. Þar er samtryggingarkerfið í þann mund að ná fullkomnun. Þar segir maður við mann: ég styð þig, ef þú styður mig.

Þessi nýja stétt á sér eitt sameiningartákn; hún lítur niður á stritandi almúgann, sem á vart lengur fyrir sínu daglega brauði. Í hennar augum er það heimiska, a.m.k. fákænska, að vera ekki efnadur eða ríkur. Daglegt líf þessa fólks er í hróplegu ósamræmi við staðreyndir hins íslenska efnahagslífs og kjör mikils meirihluta þjóðarinnar. Þetta er hin íslenska nomenklatura, yfirstéttin, sem hefur búið vel um sig innan múra valdakerfis, er peningarnir hafa mótað.

Þessi stétt er Sjálfstæðisflokki ómissandi og hann henni. Meir og dyggilegar en nokkur annar íslenskur stjórnmálaflokkur, hefur Sjálfstæðisflokkurinn stutt að þróun og eflingu hinnar nýju stéttar. Hann hefur eftt hag hennar með ráðum og dáð, hvatt hana áfram í nafni frelsis auðhyggjunnar, látið henni í té skattahlunnindi og horft framhjá því neðanjarðarhagkerfi, sem hún hefur þróað með sér.

Þessi hollustu Sjálfstæðisflokksins við fjár-

magnseigendur hefur bitnað harkalegar en nokkru sinni fyrr á almennum launamönnum. Peninga- og vaxtastefnan, sem hefur verið mótuð með tilliti til hagsmuna hinnar nýju stéttar, hefur gert líf láglunafólks og húsbýggjenda að slíkri þrautagöngu að leita verður langt aftur í tímann að sambærilegum dæmum.

Hin efnalega stéttaskipting er orðin svo gallharður raunveruleiki að hún er á hvers manns vörum og blasir hvarvetna við. Yfirstéttin leynir sér ekki. Hún klæðist auðnum í öllu sínu lífverni. Og hún verður æ meira áberandi eftt því sem hagar hinna, sem eru efnalega minnimáttar, versnar.

Íslendingar hafa lengi státað af stéttlausu þjóðfélagi. Sú tíð er liðin. Núverandi ríkisstjórn rekur endahnútinn á það tímabil í sögu þjóðarinnar. Þar hefur Sjálfstæðisflokkurinn haft forystu, en Framsókn fylgt á eftir, þvert á allar hugsjónir þeirra manna, er gáfu flokki stefnuskrá.

Hið undarlegasta við þessa þróun er sú staðreynd, að stór hópur þess fólks, sem verður að axla þungar byrðar svo hin nýja stétt fái notið sín, styður Sjálfstæðisflokkinn í þeirri baráttu að koma á efnalega stéttaskiptu þjóðfélagi. Þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur.

Miklar sviptingar í stjórn Alusuisse:

Mönnum sparkað og aðrir ráðnir

Að undanförunum hefur verið mikil ólga innan stjórnar Alusuisse samsteypunnar. Stafar hún af ýmsum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins, og hefur Emanuel R. Meyer, stjórnarformaður, sem mjög kom við sögu Álfversins í Straumsvík, sagt af sér. Það hefur formaður fram-

kvæmdastjórnar fyrirtækisins einnig gert.

Vegna þessara atburða hefur stjórn Alusuisse sent fyrirtækjum samsteypunnar umburðarbréf þar sem á kurteislegu embættismannamáli er skýrt frá þessum breytingum. Bréfið fer hér á eftir í íslenskri þýðingu Íslenska álfélagssins.

Stjórn Swiss Aluminium Limited (ALUSUISSE) hefur tekið til greina afsögn Emanuel R. Meyer sem formanns og stjórnarmanns til þess að hægt verði að útnefna nýja yfirstjórn fyrirtækisins. Upprunalega var gert ráð fyrir, að nýr stjórnendur tækju við vorið 1988. Hinar viðvarandi erfiðu aðstæður í áliðnaðinum um heim allan gera það æskilegt að finna lausn á því núna hverjir taki við stjórn fyrirtækisins.

Af þessum sökum hefur dr. Bruno F. Sorato lýst sig reiðubúinn til þess að bjóast lausnar sem formaður framkvæmdastjórnar. Stjórnin kann vel að meta jákvæða afstöðu hr. Meyer og dr. Sorato og þakkar þeim áratuga þjónustu við fyrirtækið.

Stjórnin hefur útnefnt dr. Hans Jucker, sem til þessa hefur verið aðalforstjóri Lonza hf. og í framkvæmdastjórn Alusuisse, formann framkvæmdastjórnar Alusuisse. Dr. Nello Celio, fyrrverandi ráðherra í svissnesku ríkisstjórninni, tekur við sem stjórnarformaður til hluthafafundar 1987, en þá hefur hann náð eftirlaunaaldri. Dr. Celio var stjórnarformaður Alusuisse áður en hann varð útnefndur ráðherra.

Þessar breytingar í æðstu stjórn Alusuisse taka þegar gildi. Ennfremur verða dr. Max D. Amstutz, aðalforstjóri „Holderbank“ fjármálafyrirtækisins Glarus hf. og Pierre Arnold, fyrrverandi stjórnarformaður og aðalforstjóri Migrossamvinnusambandsins og núverandi aðalforstjóri SMH, Svissneska microtölvu- og úrafyrirtækisins hf., svo og dr. Jucker í kjöri til stjórnarsetu á hluthafafundi 23. apríl 1986. Eftir að hann hefur verið kosinn stjórnarformaður verður dr. Jucker útnefndur aðalforstjóri.

Frá og með deginum í dag mun dr. Sorato verða sérstakur ráðgjafi stjórnarformanns og aðalforstjóra á nokkrum sérviðum svo sem alþjóðasamtökum, en einnig með þátttöku í stjórn ákveðinna dótturfyrirtækja. Hann mun einnig hafa með höndum samskipti við ríkisstjórnir og sinna ákveðnum málum í tilgreindum heimshlutum.

Endurskoðaður listi Neytendasamtakanna:

Þau selja brauð undir 30 krónum

Fyrir skömmu sendu Neytendasamtökin frá sér lista yfir bakari, sem selja heilheitiðbrauð undir 30 krónum. Því miður kom í ljós að þrjú bakarianna höfðu gefið upp heildsöluverð, án þess að taka það sérstaklega fram. Þetta varð til þess að eitt þeirra fór yfir 30 króna markið og fellur því brott af listanum. Til þess að finna

verð til neytenda áætluð við 19% álagningu á hin, en álagning á brauð er algeng 17–19%.

Tvö bakari bæstast á listann, Annað vegna þess að símanúmeri hafði verið breytt en hitt bakarið var það nýtt, að það var ekki á skrá hjá okkur.

Hér fylgir listinn að þessum leiðréttingum gerðum.

	Heilhv.br.	Franskbr.
AB Bakarið	24	24
Árbæjarbakari	24	24
Bakari G.J.	28	28
Bernhöftsbakari	25	25
Björnsbakari	29	28
Björnsbakari	21	21
Brauðgerð MS (Samsölubrauð)	24.55	
Grensásbakari	22.60	22.60
Gullkornið	28	30
Kökubankinn	28	33
Smárabakari	28	28
Snorrabakari	28	28
Sveinn bakari	28	28
Þórsbakari	24	24
Nýja kökuhúsið	26	
Dalbraut 1		
Rofabæ 9		
Lóuhólum 2—6		
Bergst.str. 14		
Efstalandi 26		
Hringbraut 35		
Laugavegi 162		
Lyngási 2, G.		
Lönbúð 2, G.		
Miðvangi 41, H.		
Kleppsvegi 152		
Hverfisgt. 61, H.		
Grensásv. 48		
Borgarh.br. 19, K.		
við Austurvöll		

Kvennalist í Gerðubergi

Nú stendur yfir í Gerðubergi annar hluti sýningarinnar „Listakonur — verk í eigu Reykjavíkurborgar“. Á fyrsta hluta sýningarinnar sem haldinn var í nóvember sl. voru sýnd verk látinna listakvenna. Nú á öðrum hluta sýningarinnar verða sýnd verk eftir núllfandi listakonur fæddar 1945 og fyrr.

Þær sem eiga verk á sýningu þessari eru:

Ása Ólafsdóttir, Ásgerður Búa-dóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Guð-munda Andrésdóttir, Ingunn Ey-dal, Jóhanna Bogadóttir, Karen Agnete Þórðarson, Karolína Lárus-dóttir, Kristín Jónsdóttir, Louisa Matthíasdóttir, Margrét Jóelsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Sigríð Valtingoer, Sigrún Guðjónsdóttir, Sólveig Eggerts Pétursdóttir, Svala Þórisdóttir og Þorbjörg Höskulds-dóttir.

Og eru þetta málverk, vefnaður, grafík og fleira.

Gerðuberg stendur fyrir sýningu þessari í samráði við stjórn Kjarvalsstaða og er tilgangurinn sá að kynna almenningi þau verk er Reykjavíkurborg á. Verk þessi er alla jafna á hinum mismunandi stofnunum borgarinnar þar sem þau prýða vegg. Þau verk sem eru á sýningu þessari eru fengin að láni frá nítján borgarstofnunum.

Sýningin stendur til 15. febrúar. — Aðgangur er ókeypis.

Fyrirtæki, sem ekki er mælt með viðskiptum við

Í Neytendablaðinu, desember 1985, birtist listi yfir fyrirtæki, sem Neytendasamtökin telja sig ekki geta mælt með viðskiptum við. Eins og fram kemur í Neytendablaðinu, er ástæðan m.a. sú, að sum þeirra svöruðu ekki bréfum Neytendasamtakanna, þar sem þau eru beðin um að skýra sjónarmið sitt í tilteknum kvörtunarmálum.

Birting þessa lista í Neytendablaðinu og öðrum fjölmiðlum hefur haft þau áhrif, að flest fyrirtækjanna hafa haft samband við Neyt-

endasamtökin og fulltrúar fyrirtækjanna komið á skrifstofu Neytendasamtakanna til viðræðna, gert grein fyrir sínum málum og gefið yfirlýsingar um að framvegis myndu þau virða milli göngu Neytendasamtakanna í kvörtunarmálum.

Af listanum falla því öll fyrirtæki, nema þessi þrjú: Guðmundur Andrésson, gullsmiður, Laugavegi 50, Reykjavík. Quadro, Laugavegi 54, Reykjavík. Verslunin First, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.



Bjarnaborg

Tilboð óskast í húsið Hverfisgata 83, Bjarnaborg, ásamt leigulóðarrétti.

Húsið er auglýst til endurbyggingar eða niðurrífs og skulu tilboðin gerð í samræmi við sérstaka skilmála sem afhentir verða á skrifstofu vorri Frikirkjuvegi 3, Reykjavík.

Húsið verður til sýnis fyrir væntanlega þjóðendur, föstudaginn 24. janúar og fimmtudaginn 30. janúar n.k. kl. 13.

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu vorri miðvikudaginn 5. feb. n.k. kl. 14.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR

Frikirkjuvegi 3 — Sími 25800